



**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

Akureyri, 7. febrúar 2013  
2012080074 / 19-001

**Efni:** Vegagerðin - niðurfelling vega af vegaskrá

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 7. febrúar 2013 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram bréf dags. 29. janúar 2013 frá Vegagerðinni varðandi niðurfellingu vega af vegaskrá.

*Bæjarráð ítrekar fyrri bókun sína frá 22. nóvember 2012, svohljóðandi:*

*Bæjarráð mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar að hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegur og hluti Hjalteyrargötu, Silfurtanga og Laufásögötu skuli ekki falla undir skilgreinda þjóðvegi og í framhaldi af þeirri ákvörðun muni Vegagerðin hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á fyrrnefndum vegum frá og með 1. janúar nk.*

*Einnig er vakin athygli á bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. maí 2009, svohljóðandi: Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs, dags. 19. maí 2009, um fund um vegaskrá með Vegagerðinni og fulltrúum sambandsins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á við sveitarfélög sem ekki telja að örugg og fullnægjandi fjármögnun liggi fyrir, að þau gangi ekki frá samningum við Vegagerðina um ábyrgð þeirra á viðhaldi vega, skv. þeirri vegaskrá sem nú liggur fyrir. Sambandið hefur komið þeirri kröfu á framfæri við samgönguráðherra og Vegagerðina að tryggja verði fjármögnun af hálfu ríkisins til sveitarfélaga vegna þeirra auknu skyldna sem settar eru á sveitarfélögin með nýjum vegalögum nr. 80/2007 sem tóku gildi 1. janúar 2008. Þessi afstaða sambandsins hefur ítrekað komið fram, m.a. í erindi til samgönguráðherra, dags. 30. des. 2008, sem ekki enn hefur verið svarað formlega, að áður en vegaskráin taki gildi liggi fyrir yfirlýsing frá ráðherra um að sá aukni kostnaður sem fyrrsjáanlega mun falla á sveitarfélögin verði að fullu fjármagnaður af ríkissjóði.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjóra

Elín Dögg Guðjónsdóttir  
Skjalastjóri